

## AUGLÝSING

### um viðbót við gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn, nr. 173 13. febrúar 2004, með síðari breytingum.

Samkvæmt orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 159 20. desember 2002 um Norðurorku, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi viðbót við gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn er tók gildi 1. ágúst 2004. Viðbót þessi gildir aðeins fyrir Hrísey:

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Hitaveitan setur stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitaveitukerfis. Gjald til hitaveitunnar miðast við hámarksrennsli við stillingu hemils.

Hitaveitan má ein rjúfa innsigli á hemli. Hitaveitan breytir stillingu á hemli eftir ósk húseiganda fyrsta árið sem hús hans er tengt veitunni, en eftir það einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu hafa borist fyrir 1. janúar. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þó aflnotkun verði minni, hluta úr árinu. Lægsta stilling á hemli er 1 lítri á mínútu og selt vatnsmagn skal standa á hálfum og heilum lítra á mínútu.

Þar sem vatn er notað til annars en upphitunar húsnæðis og venjulegrar heimilisnotkunar, setur hitaveitan upp mæla sem mæla rennsli vatns í rúmmetrum. Hitaveitan kostar og sér um uppsetningu og viðhald mælanna.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:		Án VSK	Með VSK
1. Fastagjald fyrir hvern hemil á dag	kr.	35,00	38,43
2. Vatnsgjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði	kr.	1690,00	1855,62

Virðisaukaskattur fyrir hitaveitu í Hrísey er 9,8%.

Að öðru leyti gildir verðskrá og reglugerð hitaveitu Norðurorku fyrir Hrísey.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjar nr. 57, 23 janúar 1997, með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 23. ágúst 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*